



Garðyrkjuskólinn Reykjum
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

GASF4FR07

GAS III - Framhaldsræktun

Kennarar:	Guðríður Helgadóttir (gurry@fsu.is) Jóna Valdís Sveinsdóttir (jona.valdis.sveinsdottir@fsu.is)
-----------	--

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dags.	Tími	Efni	Verkefni
1	12.1.2024	10:30 – 15:45	Kynning á áfanga og afhending gagna. Fyrirlestur 1 – gæði í plöntuframleiðslu. Verklegt í gróðurhúsi.	
2	19.1.2024	9:00 – 15:45	Fyrirlestur 2 – framleiðsla plantna í pottum.	
3	25.1.2024	9:00 – 15:45	Fyrirlestur 2 frh. – framleiðsla plantna í pottum	
4	2.2.2024	9:00 – 15:45	Fyrirlestur 3 – Laufplöntur í pottum	
5	6.2.2024	12:45 – 15:45	Heimsókn	
	9.2.2024	9:00 – 15:45	Verklegt – ágræðsla	
6	15.2.2024	9:45 – 15:45	Fyrirlestur 4 – Barrviðir	
	16.2.2024	9:00 – 13:25	Fyrirlestur 5 – Skrautrunnar Fyrirlestur 6 – Vafnings- og klifurplöntur	
7	22.2.2024	9:45 – 15:45	Fyrirlestur 7 – Rósir	
	23.2.2024	9:00 – 13:25	Fyrirlestur 8 – Skrauttré	
8	29.2.2024	9:45 – 15:45	Fyrirlestur 9 – Hnausplöntur	

	1.3.2024	9:00 – 13:25	Verklegt	
9	8.3.2024	9:00 – 15:45	Fyrirlestur 10 – Götutré	
10	12.3.2024	12:45 – 15:45	Verklegt	
	15.3.2024	9:00 – 15:45	Heimsókn	
11	22.3.2024	9:00 – 15:45	Fyrirlestur 11 – Berjarunnar	
12	3.4.2024	12:45 – 15:45	Fyrirlestur 12 – Aldintré	
13	11.4.2024	9:00 – 12:00	Verklegt	
	12.4.2024	9:00 – 14:10	Verklegt og upprifjun	
14	19.4.2024	9:00 – 12:00	Próf	

Námsefni:

Garð- og skógarplöntuframleiðsla – námsefni frá Guðrúnu Helgu Guðbjörnsdóttur

Ljósrit og annað efni frá kennara.

Skipulag áfanga

Skipulag námskeiðs

Kennsla fer fram með fyrirlesturum, heimsóknum og verklegum æfingum.

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

Verklegar æfingar: Verklegar ræktunaræfingar verða í gróðurhúsum skólans á önninni og ef til vill á fleiri stöðum.

Heimsóknir: Farið verður í heimsóknir í lotuvikum og er mætingarskylda í heimsóknir.

Heimaverkefni:

Verkefni um framleiðslu skógarplantna – 15%

Verkefni um framleiðslu trjáa og runna í pottum – 15%

Verkefni um framleiðslu hnausplantna – 10%

Upptökur og streymi: Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum, auk þess sem þeim verður streymt í rauntíma.

Námsmat

Heimaverkefni gilda alls 40% í lokaeinkunn.

Mæting í heimsóknir í lotuvikum gildir 10% í lokaeinkunn.

Skriflegt lokapróf gildir 50% í lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn á prófi er 5,0.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjuskóla FSU, Reykjum, 12. janúar 2024

Guðríður Helgadóttir og Jóna Valdís Sveinsdóttir

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
GASF4FR07 - Garð – og skógarplöntuframleiðsla III – Framhaldsræktun	7	4
Lýsing Uppsetning svæða fyrir pottaplöntur, berrótaplöntur og hnausaplöntur. Undirbúningur beða fyrir framleiðslu berrótaplantna og hnausplantna. Uppeldi runna og trjáa í pottum og á beðum. Ræktun stórra trjáa auk ræktunar á ýmsum plöntuhópum, s.s. klifurplöntum og berjarunnum. Viðeigandi ræktunartækni tekin fyrir s.s. vatns – og áburðargjöf, plöntuvernd, vaxtarstýring, vetrargeymsla, frágangur plantna fyrir sölu, söluaðstaða, merkingar plantna fyrir sölu. Innflutningur plantna, lög og reglugerðir þar að lútandi. Útreikningur á framleiðslukostnaði ýmissa garðplantna. Tilraunir með garðplöntur á Íslandi.		
Forkröfur GASF3SP07 (Garð- og skógarplöntuframleiðsla II – Smáplöntuframleiðsla), ÁBSÝ3FV04 (Áburðargjöf og sýnataka)		

<p>Þekkingarviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Uppsetningu svæða fyrir framhaldsræktun plantna. • Undirbúningi beða fyrir framleiðslu beðplantna. • Uppeldi plantna í pottum og á beðum. • Ræktun stórra trjáa og ýmissa lykilhópa plantna, s.s. klifurplantna og berjarunna. • Ræktunartækni framhaldsræktunar plantna. • Sölu plantna, aðstöðu og frágangi plantna fyrir sölu. • Innflutningi plantna, lögum og reglum. • Útreikningi á framleiðslukostnaði ýmissa garðplantna. • Helstu tilraunum með garðplöntur á Íslandi. 	<p>Hæfniviðmið</p> <p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <p>Meta hvers konar aðstöðu þarf til fjölbreyttrar framhaldsræktunar plantna og hvaða undirbúningur þarf að eiga sér stað áður en framleiðsla hefst, metið með útsjónarsemi og verksskipulagi.</p> <p>Setja fram ræktunaráætlanir um framhaldsræktun plantna í pottum eða á beði og fylgja þeim eftir með viðeigandi ræktunartækni, með hagkvæmni og gæði framleiðslunnar að leiðarljósi, metið með verklagi, útsjónarsemi og rökstuðningi.</p> <p>Skipuleggja söluaðstöðu og söluferli garðplantna og verðleggja þær í samræmi við framleiðslukostnað, metið með framsetningu og rökstuðningi.</p> <p>Skipuleggja og framkvæma innflutning plantna í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi, metið með verklagi og rökstuðningi.</p> <p>Gera sér grein fyrir mikilvægi tilrauna með garðplöntur á Íslandi fyrir fagþróun í greininni, metið með rökstuðningi og rökræðum.</p>
<p>Leikniviðmið</p> <p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Undirbúa svæði fyrir framhaldsræktun plantna, s.s. beð og svæði fyrir pottaræktun. • Ala upp plöntur í pottum og á beðum. • Beita viðeigandi aðferðum og ræktunartækni við ræktun stórra trjáa og ýmissa lykilhópa plantna. • Ganga frá plöntum fyrir sölu og undirbúa söluaðstöðu. • Leita upplýsinga um innflutning plantna í viðeigandi lögum og reglugerðum. • Reikna út framleiðslukostnað ýmissa garðplantna. • Skoða helstu tilraunir með garðplöntur á Íslandi og nýta sér niðurstöður þeirra. 	
<p>Námsmat</p> <p>Verkefni nemenda, vettvangsheimsóknir, skriflegt próf.</p>	
<p>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)</p>	
<p>Tenging við grunnþætti</p> <p>Læsi: Nemendur læra að meta hvaða aðferðir og tækni henta best hverju sinni og verða því læsir á faglega nálgun í faginu.</p> <p>Sjálfbærni: Nemendur læra að nota auðlindir við plöntuframleiðslu á skynsamlegan hátt og nýta allt sem til fellur.</p> <p>Heilbrigði og velferð : Mikilvægt er að plöntuefniviður sé heilbrigður og haldist það út ræktunartímam. Jafnframt verða nemendur meðvitaðir gagnvart heilbrigðri umgengni við umhverfi sitt.</p>	
<p>Dags.: 30.9.2013</p> <p>Höfundar: Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir og Guðríður Helgadóttir</p>	

